



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

Lífsins braut

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Brot úr Lífsins braut
- Ásinn opinn
- Mat á skólafarfi
- Jólhald í Áslandsskóla
- Mæðrastyrksnefnd
- Tröllahæimar í jólaleyfi

Brot úr ljóðinu Lífsins braut eftir Leif S. Garðarsson skólastjóra

Vonlítið virðist handrit að skrifa,
vegvísi um lífsins réttustu braut.
Nóg virðist einn dag í einu að lifa,
einbeiting að hverri einustu þraut.

Er friður og kærleikur á ferð milli landa,
og fangaðir eru við klettótta strönd.
Ég virðingu og umhyggju ætla að vanda,
svo slíti ég ekki vináttubönd.

Má ekki gleyma að vin' okkar gæta,
gaman ef hægt er að verða að liði.
Eitt símtal - þarf ekki tíðindum sæta,
það gæti stuðlað að gleði og friði.

Kennir oss öllum - kærustu vinir,
ást, trú og kærleik - þó lágt sé nú sólin.
Því sendi ykkur foreldrar, - dætur og synir,
Stórt faðmlag frá mér. Gleðileg jólin.

Leifur S. Garðarsson / jólin 2007

Jólakveðjur
Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri



GODI segir:



Starfsfólk Áslandsskóla
sendir nemendum,
forráðamönnum og
velunnurum jólakveðjur

**Skólastarfi hefst að loknu jólaleyfi
þriðjudaginn 6. janúar 2009**



BRÁÐUM KOMA

Bráðum koma

(Jóhannes úr Kötlum)

Bráðum koma blessuð jólin
börnin fara að hlakka til.
Allir fá þá eitthvað fallett
í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú
enginn,
vandi er um slíkt að spá.
En eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá.

Máske þú fáir menn úr tini,
máske líka þetta kver.
Við skulum bíða og sjá hvað
setur
seinna vitnast hvernig fer.

En ef þú skyldir eignast kverið,
ætla þú að biðja þig
að fletta hægt og fara alltaf
fjarskalega vel með sig.



Opið í Ásnum

Opið er í Ásnum í jólafríi Áslandsskóla sem hér segir:

22. desember: Jólapakkaöld – dregið um pakka

5. -7. bekkur: 17:00-19:00

Unglingadeild: 20:00-22:00

29. desember: Náttfata/buxnakvöld

5. -7. bekkur: 17:00-19:00

Unglingadeild: 20:00-22:00

2. janúar: Singstar og Guitarhero

5. -7. bekkur: 17:00-19:00

Unglingadeild: 20:00-22:00

Frekari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Ássins

www.asinn.is

Um reglur v/íþróttá- og sundtíma

Til áminningar og ítrekunar:

Nemendum er óheimilt að taka þátt í íþróttatíma nema þeir hafi fataskipti og klæðist íþróttafötum.

Mælst er til þess að allir nemendur fari í sturtubað að loknum íþróttatíma.

Nemendur sem ekki geta tekið þátt í sundtíma eiga engu að síður að horfa á kennslustundina.

Jólasveinarnir þrettán

Stekkjastaur

Giljagaur

Stúfur

Þvörusleikir

Pottaskefill

Askasleikir

Hurðaskellir

Skyrgámur

Bjúgnakrækir

Gluggagægir

Gáttapefur

Ketkrókur

Kertasníkir

Til þeirra er minna mega sín

Í tengslum við jólahald í skólum eru pakkaleikir á stofujólum gjarnan eitt atriðanna.

Við í Áslandsskóla höfum haft þann sið undanfarin fjögur skólaár, að hver nemandi og hver starfsmaður mæti með lokað umslag með frjálsu framlagi miðvikudaginn 17. desember.

Nemendur afhenda umsjónarkennara sitt umslag.

Þessi hugsun okkar tengist einni af hornstoðunum fjórum, þjónustu við samfélagið.

Fjármunum verður síðan safnað saman og við lok síðustu skemmtunar á sal skólans, litlu-jólum í 6. bekk föstudaginn 19. desember, verður sú upphæð sem til hefur safnast afhent fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar.

Gert er ráð fyrir því að skólastjóri afhendi fulltrúa Mæðrastyrksnefndar það sem safnast um kl. 13:30 á sal skólans.

Litlu-jól / Stofu-jól

Föstudagur 19. desember 2008

- Árgangar byrja ýmist á litlu jólum eða stofujólum.
- Mæting í heimastofu.
- Jólastund í heimastofu / Gengið í fallegum röðum á sal.
- Gengið í kringum jólatré við undirleik.
- Bekkir búnir að fá lög til að æfa sig – syngja með um leið og gengið er kringum jólatré.



Árgangur	Litlu jól	Stofujól
1. bekkur	9:00-9:55	8:10-9:00
2. bekkur	8:10-9:00	9:00-10:00
3. bekkur	10:00-10:50	9:10-10:00
4. bekkur	11:00-11:50	10:00-11:00
5. bekkur	12:00-12:50	11:10-12:00
6. bekkur	12:50-13:40	12:00-12:50
7. bekkur	Jólaball 18.12.2008 kl. 18-19.30	10:00-11:30
8. bekkur	Jólaball 18.12.2008 kl. 20.00-22.00	10:00-11:30
9. bekkur	Jólaball 18.12.2008 kl. 20.00-22.00	10:00-11:30
10. bekkur	Jólaball 18.12.2008 kl. 20.00-22.00	10:00-11:30

Tröllaheimar—heilsdagsskóli í jólaleyfi

Föstudaginn 19. desember verður skólastarf með sveigjanlegum hætti eins og tilgreint er á skóladagatali, en þá verða jólaskemmtanir.

Heilsdagsskólinn verður því opinn frá kl. 8:00 þann dag, þar sem dagskrá er með óhefðbundnum hætti.

Heilsdagsskólinn er síðan opinn í jólafríi nemenda sem hér segir:

Mánudaginn	22. desember	kl. 8:00—17:00
Þriðjudaginn	23. desember	kl. 8:00—12:30
Mánudagur	29. desember	kl. 8:00—17:00
Þriðjudagur	30. desember	kl. 8:00—17:00

Peir forráðamenn sem hyggjast nýta sér heilsdagsskólann í jólafríi eða breyta viðveru þann 20. desember, verða því að skrá sig á skrifstofu skólans og tilgreina dvalartíma.

Einnig þarf greiðslukvittun að fylgja sem staðfesting þess að greiðsla hafi átt sér stað. **Slíkt þarf að berast á skrifstofu skólans í síðasta lagi mánudaginn 15. desember. Ekki verður unnt að verða við ósk um dvöl þessa daga berist hún síðar.**

Rétt er einnig að geta þess að ákveðinn lágmarksfjöldi barna þarf dag hvern til að starfseminni sé haldið úti. Það skal þó tekið fram að jólafrí er auðvitað frí nemenda frá skóla og oft getur verið gott að hvílast aðeins á skólatengdu starfi svo nemendur komi endurnærðir til baka.

Gjald fyrir hverja klukkustund er 193 krónur—síðan bætist við kr. 170.– pr. máltíð/nesti sem geta mest orðið þrjár pr dag.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGODINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri